

9. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn mánudaginn 2. nóvember 2015 kl. 20:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt voru Guðlaugur Ágústsson Steinstúni, Ingólfur Benediktsson Árnese 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Árnese 2, Elísa Ösp Valgeirsdóttir Árnese 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

### Dagskrá

1. Ýmislegt varðandi samgöngur – bundið slitlag og fleira.
  2. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða – fundargerð lögð fram til kynningar. Niðurstöður úr sýnatöku á vatni í september.
  3. Verksamningar Norðurfjarðarhafnar, Vegagerðar, Tígurs og Króla.
  4. Jafnréttisstofa – bréf lagt fram til kynningar og umræðu.
  5. Bréf frá Brunabót – Ágóðahlutagreiðsla 2015.
  6. Stígamót ósk um fjárstuðning.
  7. Lóð undir Gunnarshúsi á Eyri – samningur og uppdráttur.
  8. Aukabætur FV vegna BsVest haldið á Hólmavík 4.nóv. nk.
  9. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarréðauneyti – Byggðakvóti.
  10. Tilkygning frá Lánasjóði Sveitarfélaga.
  11. Bréf frá Innanríkisráðuneyti – lagt fram til kynningar.
  12. Bréf varðandi kostnað af skólagöngu utan heimasveitar.
  13. Nýr uppdráttur vegna sumarhúss á Eyri – Guðjón Ingólfsson.
  14. Sumarhúsaloð á Eyri – Guðjón Ingólfsson, næstu skref.
  15. Framvindan í málefnum Árneshrepps, - laus störf og fleira.
1. Samgöngur, bundið slitlag og fleira í Árneshreppi. Eftirstöðvar vegna bundins slitlags á plani við Kaupfélagshús er 1.006.000 kr. Hluti kostnaðar hefur verið greiddur og skiptist hann þannig: Vegagerðin 800.000, N1 500.000 og fé fékkst úr Styrkvegasjóði upp á 600.000. Enn á eftir að sópa af planinu og mun oddviti fylgja því máli eftir við Borgarverk.
  2. Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða lögð fram til kynningar. Niðurstöður úr sýnatöku á vatni í september komu ekki vel út fyrir Finnbogastaðaskóla og Kaupfélagshús. Sameiginlegt vatnsból er í Finnbogastaðaskóla, Bæ og Finnbogastöðum. Skipta þyrfti um safntank í Norðurfirði. Það er kostnaðarsamt og málið þarf að færast yfir á næstu fjárhagsáætlun.

3. Verksamningar Norðurfjarðarhafnar, Vegagerðar, Tígurs og Króla lagðir fram til kynningar.
4. Jafnréttisstofa – bréf lagt fram til kynningar og umræða vegna jafnréttisáætlunar og framkvæmdaráætlunar.
5. Bréf frá Brunabót lagt fram til kynningar. Ágóðahlutagreiðsla Árneshrepps fyrir árið 2015 hljóðaði upp á 54.500.
6. Bréf frá Stígamótum um styrk lagt fram til kynningar. Ákveðið að styrkja það ekki.
7. Umræða um kaupsaming vegna lóðar undir Gunnarshúsi á Eyri. Ákveðið var að ganga frá sölu á lóð með örlitlum breytingum á 3. grein varðandi vatnsnotkun úr Eyraránni. Verð er 750.000. Leitað verður til Héðins Birnis Ásbjörnssonar löggilds fasteignasala varðandi frágang málsins.
8. Aukaþings FV vegna BsVest haldið á Hólmavík 4. nóvember nk. Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti mun sitja þingið fyrir okkar hönd.
9. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna Byggðakvóta fiskveiðiársins 2015/2016 lagt fram. Norðurfjörður hlaut 17 þorskígildistonn.
10. Tilkynning frá Lánasjóði Sveitarfélaga vegna breytinga á verklagi. Héðan í frá mun sjóðurinn hætta útsendingu greiðsluseðla en framvegis verða þeir sendir rafrænt.
11. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu vegna jöfnunarsjóðs lagt fram til kynningar. Hluttur Árneshrepps vegna tímabundinna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga er 37.739 á þessu ári.
12. Bréf vegna kostnaðar af skólagöngu utan heimasveitar frá Ingólfi og Jóhönnu í Árnasi vegna skólagöngu Ástu Þorbjargar skólaárið 2015-2016. Ákveðið var að greiða mánaðarlega 45.000 kr. Ingólfur Benediktsson vék af fundi á meðan á afgreiðslu málsins stóð.
- 13.-14 Ósk um sumarhúsaloð í landi Eyrar við Ingólfsfjörð frá Guðjóni Ingólfssyni. Hreppsnefnd samþykkir að veita til leigu 900 fermetra lóð undir sumarhús í landi Eyrar. Nánari staðsetning lóðar

verður ákveðin í samvinnu við Boga Kristinsson byggingafulltrúa. Allur kostnaður sem af þessu hlýst verður greiddur af leigjanda. Áður en einhverjar framkvæmdir hefjast setur hreppsnefnd Árneshrepps það skilyrði að gengið verði frá jarðraski á þeim stað sem áður stóð til að byggja.

15. Laus störf í Árneshreppi verða auglýst á næstunni. 50% skrifstofustarf á skrifstofu hreppsins er laust frá áramótum. Starfsmann vantar til Félagsþjónustunnar til að þrifa hjá eldri borgurum. Einnig vantar manneskju til að sinna gistingu í Finnbogastaðaskóla næsta sumar. Þessi störf verða auglýst innan skamms. Hreppsnefnd Árneshrepps ræddi lóðamál í sveitarfélaginu þar á meðal lóð við Finnbogastaðaskóla.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 23:15